

# Pinggerð

12. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið þann 26. febrúar 2022 og hófst þinghald kl.14.

---

## 1. Þingsetning

Gry Ek Gunnarsson formaður KRAFT bauð fundarmenn velkomna á ársþingið.

Ársþingið hófst á að heiðra kraftlyftingafólk ársins og stigahæstu liðin í kvenna- og karlaflokki.

Stigahæsta kvennaliðið er Ármann. María Guðsteinsdóttir og Þórunn Brynja Jónasdóttir tóku við viðurkenningunni.

Stigahæsta karlaliðið er Massi. Jens Elís Kristinsson tók við viðurkenningunni.

Kraftlyftingakona ársins er Kristín Þórhallsdóttir (KRA). Kristín tók við viðurkenningunni og Gry las upp afrek Kristínar á sl. ári.

Kraftlyftingakarl ársins er Viktor Samúelsson (KFA). Gry las upp afrek Vikstors á sl. ári.

## 2. Kosning þingforseta

Formaður KRAFT lagði til að Valdimar Leó Friðriksson yrði kosinn þingforseta. Samþykkt með lófataki.

Þingforseti kom í þöngu, þakkaði traustið.

## 3. Staðfesting lögmæti þingsins

Fyrsta og annað þingboð voru send með löglegum fyrirvara. Rétt til þingsins hefur verið boðað og því úrskurðað lögmætt.

#### 4. Kosning þingritara og varaþingritara

Lögð fram tillaga um Laufeyju Agnarsdóttur sem þingritara og Þórunni Brynju Jónasdóttur til vara. Samþykkt með lófataki.

#### 5. Kosning kjörbréfanefndar

Gerð var tillaga um að Lára Bogey Finnbogadóttir, Hinrik Pálsson og Auðunn Jónsson tækju sæti í kjörbréfanefnd. Ekki voru aðrar tilnefningar og þau því réttkjörin.

#### 6. Ávörp gesta

Þingforseti las upp kveðju frá íþróttamálaráðherra, Ásmundi Daða Einarssyni.

Andri Stefánsson frkv.stj. ÍSÍ flutti ávarp. Færði kveðju frá forseta og framkvæmdastjórn ÍSÍ.

#### 7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar

Send voru út kjörbréf fyrir 49 þingfulltrúa og voru 9 þingfulltrúar mættir á þingið. Engin mótmæli við talningu atkvæða.

#### 8. Skýrsla fráfarandi stjórnar

Gry Ek Gunnarsson, formaður KRAFT, las upp skýrslu stjórnar.

*Hana má finna á heimasíðu KRAFT :*

*<http://kraft.is/wp-content/uploads/2022/02/skyrsla21.pdf>*

#### 9. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT fyrir árið 2021 og fjárhagsáætlun 2022

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT fór yfir ársreikninga ársins 2021 með hliðsjón af ársreikningum 2020. Stilltur upp af skoðunarmanni félagsins Magnúsi Magnússyni viðskiptafræðingi og yfirfarinn af kosnum skoðunarmönnum.

#### **ÁRSREIKNINGAR Á HEIMASÍÐU KRAFT**

Nokkrar spurningar komu upp við yfirferð m.a. þörf á að eiga svona mikla peninga, frekar að styrkja meira og hver kostnaður væri við Vestur-Evrópumótið sem haldið verður á Íslandi 2023.

Gjaldkeri ítrekaði að betra væri að eiga inni á bankabók álitlega upphæð vegna óvæntra útgjalda.

Formaður KRAFT kom inn á að Afrekssjóður hefði veitt styrk í síðustu viku. Stjórn KRAFT myndi funda strax um hann vikuna eftir ársþingið.

Ársreikningar 2021 bornir upp til samþykktar.

Samþykkt með meirihluta.

## **10. Fjárhagsáætlun KRAFT fyrir næsta starfsár**

Aron Ingi gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun. Gry formaður kom inn á að meiri fókus mun verða á lyfjamál, skv. afreksstefnu skulu öll meistaramót verða lyfjaprófuð. Þetta mun gera lyfjamál að sérlið innan fjárhagsáætlunar á næsta ár.

Samþykkt með meirihluta.

## **11. HLÉ**

## **12. Tillögur að laga - og reglugerðarbreytingum og uppfærsla Afreksstefnu KRAFT**

Gry formaður fór yfir breytingar á á lögum og reglugerðum og uppfærðri Afreksstefnu.

Breytingar fóru inn til ÍSÍ til samþykktar sem komu með nokkrar minniháttar athugasemdir. Þær hafa verið lagfærðar.

<http://kraft.is/um-kraft/log/>

Samþykkt með meirihluta.

Gry formaður fór yfir uppfærða afreksstefnu KRAFT.

[https://kraft.is/wp-content/uploads/2022/03/KRAFT\\_AFREKSSTEFNA17-25.pdf](https://kraft.is/wp-content/uploads/2022/03/KRAFT_AFREKSSTEFNA17-25.pdf)

Umræða varð um mótamál, stangamenn, skyldur félaga til að skaffa starfsmenn miðað við fjölda keppenda. Lagt til að halda stangarmannanámskeið. Stjórn þurfi að herða á að fylgja reglum um að félög skaffi starfsmenn. Einnig var umræða um notkun kviðdóms á myndbandsupptökum frá viðurkenndu streymi. Á innanlandsmótum hefur ekki verið kviðdómur og því erfitt að taka þetta upp hér á landi.

Breytingar bornar undir samþykki. Samþykkt samhljóða.

### **13. Ákvörðun um þátttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils**

Stjórn leggur til að gjaldið verði óbreytt, 7500 kr fyrir þríþrautarmót og 6000 kr. fyrir staka grein.

Lagt til samþykkis. Samþykkt samhljóða.

### **14. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, og fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ**

Framboðsfrestur er útrunninn.

Allir eru sjálfkjörnir í stjórn.

Skoðunarmenn: Aðalmenn: Helgi Briem, Ármanni og Ari Kárason, KFR  
Varamenn: Róbert Kjara, Breiðablik og Gunnlaugur Olsen, Massa. Engin mótframboð og skoðunarmenn / varamenn því réttkjörnir.

Fulltrúar á þing ÍSÍ – Lagt til að það séu formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Engin mótframboð og því þeir fulltrúar samþykktir.

Mótanefnd : Ellert Björn Ómarsson, formaður (Massi)

Dómaranefnd : Daníel Geir Einarsson, formaður (Breiðablik)

Laganefnd : Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, formaður (Ármann)

Landsliðsnefnd : Róbert Kjara, formaður (Breiðablik)

Heiðursmerkjanefnd : Gry Ek Gunnarsson, formaður (Ármann + KRAFT)

### **15. Önnur mál**

Streymismál

Setja banner og bæta hljóðgæði.

Skjalasafn KRAFT

Stjórn stefnir á að senda safnið til Þjóðskjalasafnsins.

Keppnisbúnaður

Félög eigi búnað á keppnisvallinn til að lána KRAFT. KRAFT á ekki að eiga búnaðinn f.u. vigt og dómara ljós. Keppnisvallurinn sem KRAFT átti hefur því miður glatast.

Dómara ljós

Lagt til að kaupa ný dómara ljós sem geta tengst við streymið.

Hópkaup

Spurt um hópkaup fyrir félög á búnaði, skoða í tengslum við Vestur-Evrópumótið.

Þingforseti þakkaði fyrir sig og yfirgaf pontu.

## **16. Þingslit**

Nýendurkjörinn formaður Gry Ek Gunnarsson þakkaði fyrir daginn og traustið.

Þingi slitið kl.16.15.

Laufey Agnarsdóttir, þingritari

Valdimar Leó Friðriksson, þingforseti